

Mættir : Björn Sigurðsson formaður, Hilmar Örn Jónasson, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Hörður Oddfríðarson ritari.

Afboða, mæta ekki : Hrafnhildur Lúthersdóttir varastjórn, Leifur Guðni Grétarsson og Oddur Örnólfsson.

Fundur 04.03.2020 settur kl. 18.30

1. Fundargerð síðasta fundar

a. *Farið yfir fundargerð síðasta fundar og málum fylgt eftir.*

2. Mót og starfsemi

- a. ÍM 50 - Tilkynning kominn út og farið eftir sömu greinaröðun og ÍM25. Foreldrafélag SH var eini umsækjandinn um kaffisölu og gengið verður frá samningi við þau. Það verða beinar útsendingar á RÚV í úrslitahluta á sunnudegi.
- b. *Boðssundskeppni grunnskólanna er áætlaður 17. mars. Það er búið að senda út tilkynningu og stefnir í góða þáttöku. IMOC er fyrstu helgina í maí og haldið í Kópavogi.*
- c. *AMÍ er 12. Júní. Elsa gerði grein fyrir undirbúningi að norðan og undirbúningur gengur vel.*
- d. *Tillaga að frekari breytingar á formannafund. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri boði fundinn þegar að tækifæri gefst.*

3. Afreksmál

- a. Þjálfarafundur
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þjálfarafundi sem haldin var með Ragnari þann 19. febrúar síðastliðin.
- b. Afreksstefna
Niðurstöður vinnuhóps í kjölfari sundþings. Vinna ennþá í gangi. Drög kynnt á næsta stjórnarfundum í apríl.
- c. Mælingadagar
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir mælingadögum sem fóru fram 21 og 22. Febrúar. Mælingadagar gengu vel og viðtökur þjálfara og sundmanna eru betri en áður.
- d. Landsliðsmál
Stórnarformaður gerði grein fyrir viðræðum við Eyleif Jóhannesson um að koma til starfa hjá SSÍ tengt afreks-, landsliðs-, fræðslu og útbreiðslumálum.
- e. Styrkir til einstaklinga
Farið var yfir tillögur um styrki til einstaklinga í tengslum við styrki úr afrekssjóði.

6. Fjárhagsáætlun 2020

- a. *Kynntur var samningur fyrir árið 2020 vegna styrkja frá ÍSÍ til afreksmála. SSÍ er eitt fjarra sambanda sem er að fá sömu úthlutun og fyrra ár.*

7. Fundargerðir nefnda og alþjóðasamtaka

- a. *Fundargerð NSF fundur janúar 2020.*
- b. *Fundargerð TSC meeting febrúar 2020*
- c. *Fundargerð dómara nefndar nr. 97*

Samþykkt

8. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Engin félagaskipti liggja fyrir fundinn				

9. Staðfesting meta

Drengir 50 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	
50m bringusund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	33,12	25.01.20	Reykjavík
100m bringusund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	01:10,28	25.01.20	Reykjavík
50m baksund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	29,28	25.01.20	Reykjavík
50m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	27,86	14.02.20	Reykjavík

Meyjar 50 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	
50m flugsund	Ylfa Lind Kristmannsdóttir	Árman	32,77	14.02.20	Reykjavík

Staðfest

10. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
a. 30.01.2020	Vinnuhópar um afrekstarf	ÍSÍ
b. 30.01.2020	NSF fundur	HJO
c. 30.01.2020	Styrkir ÓLS vegna þjálfaramenntunar	ÍSÍ
d. 03.02.2020	Höfuðhögg í Íþróttum	ÍSÍ
e. 05.02.2020	Upplýsingar varðandi Ársþing	HK
f. 06.02.2020	Team contribution Budapest	LEN
g. 06.02.2020	Skipting Ríkisstyrks	ÍSÍ
h. 10.02.2020	Úthlutin Afrekssjóðs	ÍSÍ
i. 19.02.2020	SWOT -Meni meter	RG
j. 19.02.2020	Þjálfarafundur/ glærur	RG
k. 21.02.2020	Erlend veðmálafyrirtæki	ÍSÍ
l. 25.02.2020	Íðorðasafn um Íþróttir	ÍSÍ
m. 26.02.2020	Information about Coronavirus	FINA
n. 27.02.2020	Upp með sokkana	Kf
o. 04.03.2020	Update /information about the coronavirus	FINA
p. 04.03.2020	Minnisblað ritara til stjórnar	HJO

Móttakið

11. Önnur mál

- Sagnaritun
Formaður gerir grein fyrir fundi sem hann og ritari áttu með Sigmundi vegna sagnarritunar um sögu sundiþróttarinnar
- Afmælisnefnd

Formaður og ritari hafa hist stuttlega yfir þessum málum. Lagt er til að setja nefndina formlega í gang og Júlía og Oddur taka sæti í nefndinni auk formanns og ritara. Fundur í nefndinni boðaður í næstu viku.

c. Samstarfssamningur við ÍF

Farið var yfir samning sem gerður hefur verið við ÍF um framgang sundiþróttarinnar sérstaklega með sameiginlegum mótum.

d. Skyndihjálpanámskeið fyrir þjálfara

SSÍ barst bréf frá heilbrigðiseftirlitinu varðandi skyldu sunþjálfara um að sækja námskeið í skyndihjálp á 2ja ára fresti. Sendur verður póstur á félögin þar sem þeim verður gert grein fyrir mikilvægi þess að uppfylla þessi skilyrði.

Fundi slitið kl. 21:00